

Ed.

6. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 37 7. apríl 1943, um breyting á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.

- Á 1. gr. B. í lögum nr. 37/1943 eru gerðar þessar breytingar:
- a. 26. töluliður orðist svo:
Gufudalsvegur: Af Vesturlandsvegi í Þorskafirði að Firði í Múlahreppi.
 - b. Á eftir tölulið 43 komi nýr töluliður, er orðist svo:
Suðurfjarðavegur: Frá Bíldudal um Suðurfirði á Barðastrandarveg.
 - c. Í stað orðanna „að Sveinseyri“ undir tölulið 45 komi: að Laugardal.
 - d. Töluliður 46 orðist svo:
Rauðasandsvegur: Frá Ósum við Patreksfjörð um Hvalsker að Lambavatni.
 - e. Á eftir tölulið 46 komi nýr tölul., er orðist svo:
Látravegur: Frá Hvalskeri um Sauðlauksdal og Örlygshöfn að Látrum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Barðastrandarsýsla mun vera sú sýsla á landinu, sem mest hefur verið afskipt um vegaf framkvæmdir, bæði hvað snertir tölu þjóðvega og gerð þeirra. Ber brýna nauðsyn til þess, að úr þessu verði bætt hið allra bráðasta til þess að fyrirbyggja mjólkurhungur í sjávarþorpum sýslunnar og eins hitt, að blómlegar jarðir fari ekki í eyði á næstu árum. Íbúar Patreksfjarðar hafa nú árum saman búið við hinn megnasta mjólkurskort, og það svo, að ekki verður nú lengur við unað, en í næsta hreppi við, Rauðasandshreppi, eru svo miklir möguleikar til mjólkurframleiðslu, að hvergi munu betri á landinu. Er því nauðsynlegt, að tafarlaust sé hafizt handa um að ryðja í burtu þeim eina þröskuldi, sem hér er í vegi fyrir því, að þessir hreppar geti haft eðlileg viðskipti saman, þ. e. vegleysunni, sem nú skilur hreppana að og torveldar þróun beggja. Sama má segja um Bíldudal, að þar er ástandið líkt að öðru en því, að hér eru bændur í Suðurfjarðahreppi útilokaðir frá viðskiptum við sína eigin sveitunga á Bíldudal, sem aftur á móti líða af mjólkurhungri. Verður ekki heldur unað við þetta ástand lengur. Í Tálknafirði hefur nú verið komið upp nýju frystihúsi, sem óhjákvæmilega þarf að hafa daglegt vegasamband við íbúa úthreppsins, og íbúum á Látrum og öðrum útvikum í Rauðasandshreppi er lífsnauðsyn að komast í vegasamband, ef byggð þessi á ekki bókstaflega að leggjast í eyði. Sama má segja um íbúa í Gufudalshreppi og Múlahreppi, en allir þessir hreppar eru nú svo fámennir, að þeim væri það fullkomin ofraun að standa undir þeim kostnaði að leggja vegi um héraðið af eigin rammleik. Fyrir því er þetta frv. fram horið og þess vænt, að það nái fram að ganga.